From: Finnur Ricart Andrason
Subject: Bréf og könnun frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu til sveitarfélaga
Date: mánudagur, 19. október 2026 15:22:37
Attachments: image001.png
bref_kolefnisstjornun_URN_okt26.pdf

Kæru framkvæmdastjórar,

Í viðhengi er að finna bréf sem sent er til ykkar að beiðni umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og fjallar um kolefnisstjórnunarverkefni í samhengi sveitarfélaga.

Jafnframt er hér hlekkur á könnun sem ráðuneytið vill leggja fyrir sveitarfélög landsins um viðhorf þeirra til kolefnisstjórnunarverkefna.

Við hjá Sambandinu hvetjum ykkur til að svara þessari könnun til að koma sjónarmiðum sveitarfélaga skýrt á framfæri til ráðuneytisins í þessum málaflokki, m.a. til að hafa áhrif á mótun fyrstu loftslagsstefnu Íslands sem stendur nú yfir eins og kemur fram í meðfylgjandi bréfi. Svarfrestur könnunarinnar er til 20. nóvember n.k.

Ef einhverjar spurningar vakna um könnunina skal beina þeim til Söndru Ó. Snæbjörnsdóttur, starfsmanns ráðuneytisins, í gegn um netfangið sandra.snaebjornsdottir@urn.is.

Bestu kveðjur,

Finnur Ricart Andrason
Sérfræðingur í umhverfis- og loftslagsmálum • Stjórnsýslusvið • Hann/he
Samband íslenskra sveitarfélaga • Icelandic Association of Local Authorities
Sími / Tel.: (+354) 515 4900 • www.samband.is • thjonusta@samband.is
Lagalegur fyrirvari • Legal Disclaimer